

157. löggjafarþing 2025–2026.

Þingskjal x — x. mál.

Stjórnarfrumvarp.

## Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008 (símar og snjalltæki).

Frá mennta- og barnamálaráðherra.

1. gr.

Við 4. mgr. 30. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Á sama grundvelli er ráðherra heimilt að kveða nánar á um notkun síma og snjalltækja í grunnskóla.

2. gr.

Á eftir orðunum „um öryggi og velferð barna“ í 3. mgr. 33. gr. a kemur: um notkun síma og snjalltækja.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

### 1. Inngangur.

Frumvarp þetta er samið í mennta- og barnamálaráðuneyti og er ætlað að styrkja heimildir mennta- og barnamálaráðherra til að kveða nánar í reglugerð um notkun síma og snjalltækja í skóla- og frístundastarfi með það m.a. að markmiði að samræma reglur í grunnskólum, búa nemendum náms- og félagsumhverfi sem styður við farsælt nám þeirra og vellíðan og stuðla um leið að ábyrgri nethegðun og öruggari stafrænum samskiptum. Frumvarpið er liður í þeirri sókn í menntamálum að bæta umhverfi nemenda og kennara sem boðuð er í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Samfylkingar, Viðreisnar og Flokks fólksins. Þar segir jafnframt að skoðað verði hvort setja eigi samræmdar reglur um notkun snjalltækja og samfélagsmiðla í skólum.

### 2. Tilfni og nauðsyn lagasetningar.

#### 2.1. Menntastefna til 2030.

Árið 2021 samþykkti Alþingi þingsályktun um menntastefnu fyrir árin 2021–2030, nr. 16/151, sem endurspeglar það markmið íslenskra stjórnvalda að veita framúrskarandi menntun í umhverfi þar sem allir geta lært og allir skipta máli. Menntastefnan byggist á fimm eftirfarandi stöðum: jöfnum tækifærum, kennslu, hæfni fyrir framtíðina, vellíðan og gæðum menntakerfisins. Eitt af áherslusviðum undir fjórðu stöð stefnunnar er stafræn tilvera. Þar er lögð áhersla á að nemendur skilji bæði tækifæri og áskoranir stafrænnar tilveru og að nemendur fái þjálfun í upplýsinga-, miðla- og tæknilæsi. Samhliða hagnýtingu stafrænnar tækni eiga nemendur að fá tækifæri til að auka þekkingu sína á persónuvernd og meðferð og

greiningu upplýsinga. Huga skal að notkun nemenda á samfélagsmiðlum og þeim kennd ábyrg nethegðun og helstu reglur um örugg stafræn samskipti.

Á grundvelli þingsályktunarinnar hefur verið unnin önnur aðgerðaáætlun fyrir árin 2025–2027. Þar á meðal er ein aðgerð um námsumhverfi barna og ungmenna sem styðji við farsælt nám og vellíðan, sem m.a. lúti að þáttum eins og að félagslegu og huglægu umhverfi eins og skólabrag, kennsluháttum og viðmóti kennara og starfsfólks. Aðgerðin stuðli að mikilvægi þess að skoða þætti sem hafa áhrif á náms- og félagsumhverfi með því m.a. að samræma reglur um notkun síma, snjalltækja og samfélagsmiðla í skóla- og frístundastarfi.

## 2.2. Önnur stefnumótun.

Árið 2023 var skipaður starfshópur á vegum mennta- og barnamálaráðuneytis sem hafði það hlutverk að móta leiðbeiningar um viðeigandi og örugga farsímanotkun í grunnskólum með fulltrúum ýmissa haghafa.

Í skýrsludrögunum eru niðurstöður reifaðar, þar sem kemur m.a. fram að snjallsímar eigi ekki erindi innan grunnskóla í afþreyingartilgangi. Þá kemur fram að hópurinn er sammála um að notkun farsíma hjá nemendum í 1.–7. bekk eigi almennt ekki að vera í skólastarfi og að notkun samfélagsmiðla í afþreyingartilgangi á skólatíma eigi alltaf að vera óheimil. Innan hópsins voru aftur á móti sjónarmið á móti algjöru símabanni í grunnskólum.

## 2.3. Rannsóknir.

Aukin notkun snjalltækja meðal barna og ungmenna hefur vakið áhuga stjórnvalda og rannsækenda á áhrifum notkunarinnar á vitsmunalegan, líkamlegan, félagslegan og tilfinningalegan þroska ungs fólks. Höfundar rits OECD, *Children & Young People's Mental Health in the Digital Age* frá árinu 2018 benda á að í OECD-löndunum segjast meira en 90% ungmenna eiga eða hafa aðgang að farsíma og verja þau að meðaltali þremur klukkustundum á netinu daglega utan skóla.

Árið 2024 kynnti Kristján Ketill Stefánsson, dósent við Háskóla Íslands, á Menntakviku rannsókn á virkri þátttöku í lestri á mið- og unglingastigi: Tengsl við snjallsímanotkun á skólatíma Rannsókn á gögnum frá ríflega 15.000 nemendum í 6.–10. bekk í 120 grunnskólum um land allt sýndi að nemendur sem verja miklum tíma við snjallsímanotkun á skólatíma hafa minni áhuga á lestri en aðrir. Rannsóknin sýnir ekki orsakatengsl þannig að ekki er hægt að fullyrða að snjallsímanotkun valdi minni lestri, en tengslin virðast vera til staðar. Þegar skoðaðar eru rannsóknir sem gerðar hafa verið á Norðurlöndum benda niðurstöður til að bann eða strangari reglur um notkun snjallsíma geti bætt námsárangur og minnkað einelti (Noregur), aukið athygli og minnkað truflun í tíma (Svíþjóð) og geti leitt til meiri hreyfingar og minni árekstra meðal nemenda (Danmörk) og að yngri grunnskólanemendur séu oft jákvæðari gagnvart símatakmörkunum en eldri nemendur. Rannsóknir leiða einnig skýrt í ljós að aðgerðir ná marktækum árangri ef reglur eru skýrar, rétt framkvæmdar og nemendur fá rödd í ferlinu.

Ýmsar rannsóknir benda til þess að snjallsímar geta haft neikvæð áhrif á námsárangur og sömuleiðis dregið úr athygli þegar tækin eru nálæg, jafnvel þótt það sé slökkt á þeim (Ward, Duke, Gneezy & Bos, 2017; Thornton, Faires, Robbins & Rollins, 2014; og Skowronek, Seifert & Lindberg, 2023).

Í nýlegri greiningu OECD, sem byggir á niðurstöðum PISA rannsóknarinnar, er leitast við að skýra samband skjátíma og námsárangurs. Helstu áskoranir felast í tíðni truflana en um 30% nemenda innan OECD landa segjast verða fyrir truflunum frá eigin tækjum í tímum í skólanum og 25% af tækjum bekkjarfélaga. Þessi truflun tengist lakari getu í stærðfræðilæsi í

PISA. Nemendur sem nota stafræn tæki hóflega við nám, 1–5 klukkustundir, skora að meðaltali 20 PISA stigum hærra í stærðfræði en þeir sem ekki nota þau. Nemendur sem nota stafræn tæki til afþreyingar í skólanum í meira en eina klukkustund á dag gengur verr í stærðfræði og finnast þau síður tilheyra innan skólans. Fram kemur einnig í greiningunni að um mjög mikla samþættingu tæknilausna er að ræða í íslensku menntakerfi og bent á að þó símaabann í skólum gæti minnkað truflun við kennslu þá gætu fylgt óvæntar hliðarverkanir svo sem að nemendur bæti upp „tapaðan skjátíma“ heima við. Slíkt gæti haft truflandi áhrif á svefn og almenna vellíðan sé ekki að gætt.

#### 2.4. Aðalnámskrá grunnskóla.

Í kafla 26 í aðalnámskrá grunnskóla er fjallað um upplýsinga- og tæknimennt. Þar kemur fram að þjálfar skuli nemendur markvisst í upplýsinga- og miðlalæsi, sköpun og miðlun, stafrænni borgaravitund og lausnaleit. Góð hæfni í öllum þáttum upplýsinga- og tæknimenntunar verður sífellt mikilvægari þar sem kröfur um tæknifærni og upplýsingalæsi eru mikilvægur þáttur í námi, atvinnulífi og daglegu lífi fólks. Þekking á tækni, hvernig hún mótast og breytist getur stuðlað að þróun nýrra lausna á áskorunum samtímans. Hún getur jafnframt stuðlað að ábyrgri umgengni við tæknina og öllum upplýsingum sem tæknin nýtir sér. Kennsla í upplýsinga- og tæknimennt þarf þannig að eiga sér stað alla skólagönguna og miða að því að nemendur þrói með sér jákvætt viðhorf til námsgreinarinnar og því sé viðhaldið, átti sig á notagildi hennar og öðlist trú á eigin getu, sbr. t.d. kafli 26.2 aðalnámskrárinnar þar sem fjallað er um jafnvægi í stafrænni notkun og vellíðan í greinasviðum aðalnámskrár grunnskóla, sbr. kafla 26.2.

#### 2.5. Núverandi staða og helstu áskoranir.

Gróður tæknipróun hefur haft töluverð áhrif á skólastarf en á sama tíma skapað margs konar áskoranir og ný tækifæri. Grunnskóli er vinnustaður nemenda og skal grunnskóli haga störfum sínum þannig að nemendur finni til öryggis. Undanfarið hefur átt sér stað umræða í samfélaginu hvort banna eða takmarka eigi notkun síma og snjalltækja í skóla- og frístundastarfi og útfærslu á þeirri notkun.

Árið 2023 framkvæmdu Fjölmíðlanefnd og Menntavísindastofnun Háskóla Íslands spurningakönnun meðal grunn- og framhaldsskólanema á aldrinum 9–18 ára um allt land. Þar kemur m.a. fram að nánast öll íslensk börn eiga eigin farsíma, eða 87% barna í 4.–7. bekk og 97% barna í 8.–10. bekk. Ýmsar ástæður eru fyrir því að börn hafa farsíma með sér í skólanum. Börn nota almenningssamgöngur þar sem aðgangskort og upplýsingar um ferðir eru að mestu leyti stafræn og nota farsíma á ferðum til og frá skóla þar sem er skólaakstur. Börn með fjölbreyttan tungumálabakgrunn nota þýðingarmöguleika farsíma til að eiga samskipti auk þess sem möguleikar farsíma geta stutt fötluð börn og börn með fjölbreyttar stuðningsþarfir í skólastarfi. Börn nota einnig farsíma til að eiga samskipti við foreldra eða forsjáraðila. Í auknum mæli nota börn gervigreind í farsímum til að afla sér upplýsinga eða fá aðstoð við nám. Þrátt fyrir gagnsemi farsíma við ýmsar aðstæður hefur notkun þeirra einnig leitt til áskorana innan og utan skóla, s.s. valdið aukinni truflun í kennslustofum og dregið úr félagslegum samskiptum nemenda á skólatíma.

Í skólastarfi er nemendum almennt séð fyrir viðeigandi búnaði til að sinna verkefnum sem tengjast stafrænni tækni. Á síðustu árum hafa margir grunnskólar landsins innleitt tæknilausnir í skólastarf, svo sem Chromebook og spjaldtölvur, en mismunandi er eftir skólum hvernig það er útfært. Æskilegt er að slík notkun sé í kennslufræðilegum tilgangi en ekki í afþreyingartilgangi, s.s. notkun samfélagsmiðla í tölvubúnaði sem skóli útvegar nemendum. Í

menntamálaskýrslu UNESCO frá árinu 2023 kemur fram að í vissum aðstæðum getur tæknin stutt við nám, en í sömu skýrslu segir að ef tæknin er notuð óhóflega eða á ófullnægjandi hátt, hafi hún ekki tilætlaðan jákvæðan ávinning fyrir nám.

Á Íslandi er hvorki samræmd stefna eða miðlægar reglur um notkun barna á sínum og snjalltækjum í skólum. Flestir grunnskólar hér á landi hafa sett sér reglur eða viðmið um notkun farsíma í grunnskólum. Samkvæmt könnun umboðsmanns barna árið 2024 höfðu allir grunnskólar sem svöruðu sett sér reglur eða 126 talsins; 45% þeirra leyfa ekki farsíma, 52% leyfa farsíma með takmörkunum og 3% leyfa farsíma án takmarkana. Í 58% tilvika komu nemendur að gerð reglnanna. Innan sumra sveitarfélaga hafa verið tekin upp sameiginleg viðmið um símanotkun í grunnskólum þeirra sem byggja alla jafna á víðtæku samráði skóla, foreldra, nemenda og sveitarfélagsins.

Samhliða umfjöllun um notkun síma og snjalltækja í grunnskóla hefur jafnframt verið ákall um fræðslu og forvarnir um viðeigandi og örugga notkun. Eins og áður hefur komið fram er í kafla 26 í aðalnámskrá grunnskóla lögð áhersla á stafræna borgaravitund nemenda. Þá hafa embætti landlæknis, umboðsmaður barna, Barnaheill, Heilsugæslan, Heimili og skóli og SAFT gefið út aldursbundin viðmið um skjánotkun barna og ungmenna, þ.m.t. á samfélagsmiðlum, til stuðnings foreldrum við að stuðla að jákvæðri og uppbyggilegri umgengni við tækni, tölvur og snjalltæki. Ljóst er að fræðslan þarf að vera reglubundin og hluti af daglegu starfi og kennslu grunnskóla og að æskilegt er að foreldrum og forsjáraðilum verði einnig boðið upp á fræðslu.

#### 2.6. Valkostir við lagasetningu.

Til skoðunar hefur verið hvort móta eigi leiðbeiningar um viðeigandi og örugga notkun síma og snjalltækja í grunnskólum og veita skólunum svigrúm til útfærslu á slíkum reglum þar sem slík viðmið um takmörkun um notkun síma og snjalltækja gætu rúmast innan reglugerðarheimilda á grundvelli 6. mgr. 14. gr. og 4. mgr. 30. gr. laga um grunnskóla. Slík leið getur þó leitt til mismunandi útfærslna og því mikilvægt að samræma lágmarksviðmið og undanþágur í reglugerð til að ná því markmiði að bæta náms- og félagsumhverfi og líðan nemenda í skólum á landsvísu. Með því að styrkja heimildir mennta- og barnamálaráðherra til að setja miðlægar reglur skapast jafnframt ákveðinn sveigjanleiki til að bregðast með skjótari hætti við þeim áskorunum sem hröð tækniþróun hefur í för með sér í stað þess að kveða á um slíka notkun í löggjöf. Atriði sem þarf að taka afstöðu til snúa m.a. að því hvaða tæki er um að ræða og í eigu hverra, til hvaða aldurs slíkar reglur ná til, hvaða undanþágur á að heimila og í hvaða formi eiga þær að vera, hvernig á að framkvæma reglurnar og eftirfylgni með þeim.

#### 2.7. Samanburður við önnur lönd.

Undanfarin ár hafa stjórnvöld víða um heim samþykkt lög eða reglur um bann við eða takmörkun farsímanotkunar í skólum. Í löndum þar sem bönn eru til staðar eru þau oftast bundin við notkun snjallsíma í skólastarfi. Alla jafna er ætlunin að bæta náms- og félagsumhverfi í skólastarfi og skólum falið að innleiða eða útfæra notkun þessara tækja í skólastarfi.

Í Þýskalandi eru engar formlegar takmarkanir á landsvísu en flestir skólar höfðu árið 2023 bannað notkun farsíma og stafrænna tækja í kennslustofum nema í fræðsluskyni sem þó er takmarkað.

Í Belgíu hefur frá skólaárinu 2025–2026 verið í gildi bann við notkun farsíma og annarra snjalltækja í grunnskólum á landsvísu og eru undanþágur veittar á grundvelli kennslufræðilegs tilgangs, heilsufarslegra ástæðna eða neyðartilvika. Skólum er falið að útfæra bannið og

viðbrögð við brotum. Áður en bannið var sett á landsvísu voru tungumálahéruð landsins búin að setja bann eða einhvers konar takmarkanir á notkun síma en bann á landsvísu mun samræma þær reglur.

Á grundvelli víðtæks samráðs menntamálastofnana, foreldra og nemenda hefur í Hollandi ríkt bann við notkun síma í grunnskólum frá og með skólaárinu 2024–2025. Þar er útfærslan með þeim hætti að hverjum og einum grunnskóla er falið að setja nánari reglur um bannið en veittar eru undanþágur í kennslufræðilegum tilgangi og vegna nemenda með tilteknar sérþarfir.

Frá og með skólaárinu 2024–2025 hefur í Ungverjalandi verið í gildi bann við notkun síma, mynd- og hljóðupptökutækja og annarra snjalltækja sem geta tengst netinu. Undanþágur byggja á heimild kennara eða skólustjóra í tengslum við kennslustundir eða viðburði. Þá nær bannið einnig til notkunar kennara á sínum sem er aðeins heimil í kennslufræðilegum tilgangi. Bannið er á grundvelli stjórnvaldsfyrirmæla.

Í febrúar 2025 gaf breska menntamálaráðuneytið út leiðbeiningar sem lögðu til að skólar ættu að banna notkun farsíma allan skóladaginn, en það væri engu að síður einstakra skólustjóra og skólastjórna að ákveða stefnu sína í símanotkun.

Portúgal gerði tilraunir með ákveðna málamiðlun sem fólst í að taka upp ákveðinn fjölda símalausra daga í skólum mánaðarlega en síðan í september 2024 hefur menntamálaráðuneyti þar í landi mælt til að snjallsímar verði bannaðir í öllu skólastarfi nema í þágu kennslu. Þá hafa spænsk stjórnvöld í sumum sjálfstjórnarhéruðum sett bann við notkun farsíma í grunnskólum en ekki er til staðar bann á landsvísu.

Farsímanotkun í dönskum skólum er fyrst og fremst á grundvelli leiðbeininga og gera stjórnvöld þannig einstökum skólum kleift að sníða reglur að eigin þörfum. Þannig hafa um 88% danskra grunnskóla sett sér reglur, oft í samráði við foreldra, til að draga úr truflunum í skólastarfi. Sumir skólar hafa innleitt bönn án undanþága, en aðrir skólar eru með meiri sveigjanleika. Þar í landi eru áform um að lögfesta bann við snjalltækjum í skólum en menntamálaráðherra þar í landi hefur lagt áherslu á að skólar og frístundaheimili setji sér eigin reglur um takmörkun á sínum og snjalltækjum í stað þess að lögfesta bann á landsvísu.

Í Svíþjóð eru einnig uppi sambærileg áform um að banna notkun farsíma í skólastarfi. Gert er ráð fyrir að bannið taki gildi frá og með haustinu 2026 en skólustjórar hafi heimild til að gera undanþágur í ákveðnum tilfellum, s.s. í kennslufræðilegum tilgangi. Líkt og á Íslandi eru málefni grunnskóla á forræði sveitarfélaga og er sveitarfélögum og einstaka skólum frjálst að koma á slíku banni. Nú þegar hefur meiri hluti skóla innleitt bann við notkun síma í grunnskólum eða takmörkun á notkun síma grunnskólanema.

Í Finnlandi voru nýlega samþykkt lög sem takmarka notkun farsíma og annarra snjalltækja í kennslustundum og tóku lögin gildi 1. ágúst 2025. Notkun tækjanna er bundin við kennslufræðilegan tilgang eða ef notkun er í tengslum við heilsufarslegar ástæður nemenda. Þá eru heimildir kennara og skólustjóra efldar til að hafa afskipti ef notkun truflar kennslu á skólatíma. Áður en lögin tóku gildi höfðu margir skólar þegar sett takmarkanir en með lögunum verður skólum skylt að setja reglur um notkun og geymslu síma og annarra snjalltækja í skólastarfi.

Í Noregi hafa verið birtar leiðbeiningar til sveitarfélaga um farsímanotkun allt frá árinu 2018 og hafa nýlegar rannsóknir sýnt árangur með bættem námsárangri og bættri heilsu ungmenna. Lögð er áhersla á að skólar setji sér reglur í samráði við skólasamfélagið og að skólar styðjist við útgefnar leiðbeiningar í þeim efnum.

### 3. Meginefni frumvarpsins.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar sem miða að því að styrkja og bæta lagagrundvöll til setningar reglugerðar um notkun síma og snjalltækja í grunnskólum.

Í lögum um grunnskóla er að finna reglugerðarheimildir í 6. mgr. 14. gr. og 4. mgr. 30. gr. laga um grunnskóla, nr. 91/2008, sem kveða á um heimild ráðherra til að mæla nánar fyrir um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í reglugerð. Þessar heimildir eru hins vegar almennar og er talið fara betur á því að setja sértækari heimild í lög um grunnskóla líkt og lagt er til í frumvarpi þessu. Breytingin mun skjóta styrkari lagastoð undir reglugerð sem snýr að notkun síma og snjalltækja í skóla- og frístundastarfi. Þá er lögð til breyting á 33. gr. a laga um grunnskóla sem fjallar um frístundaheimili til að áréttu að reglugerð um notkun síma og snjalltækja gildir einnig í frístundastarfi.

Samhliða vinnslu þeirrar reglugerðar sem frumvarpið kveður á um er mikilvægt að reglugerðin endurspegli áskoranir sem tengjast stafrænni borgarvitund, m.a. þegar kemur að notkun samfélagsmiðla barna.

### 4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Í 2. mgr. 76. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, er mælt fyrir um að öllum skuli í lögum tryggður réttur til almennrar menntunar og fræðslu við sitt hæfi. Við beitingu reglnanna getur þurft að gæta sérstaklega að samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. lög nr. 19/2013, sbr. jafnframt 3. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar. Þá geta ákvæði samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks haft áhrif á túlkun þegar kemur að rétti fatlaðs fólks til menntunar enda er mikilvægt að líta til þess að margir fatlaðir nemendur nýta síma, snjalltæki eða tæknilausnir sem hjálpartæki til að stunda nám sitt. Þær breytingar sem lagðar eru til með frumvarpi þessu eru til þess fallnar að styrkja þessi réttindi.

Samkvæmt jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar skulu allir vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ættarnis og stöðu að öðru leyti. Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna. Frumvarpið telst samrýmast jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar þar sem það er til þess fallið að stuðla að jafnrétti til náms enda frumvarpinu ætlað að samræma reglur milli grunnskóla og bæta náms- og félagsumhverfi nemenda óháð búsetu.

Þá þarf að hafa í huga að börn, líkt og aðrir, njóta eignaréttar og eiga rétt á friðhelgi einkalífs, sbr. 72. og 71. gr. stjórnarskrárinnar. Í raun er ekkert sem kemur í veg fyrir að símar og snjalltæki verði alfarið bannað á skólatíma ef það er talið nemendum fyrir bestu og til að tryggja rétt þeirra til náms. Hins vegar eru takmörk fyrir því hvernig hægt er að bregðast við ef nemendur virða ekki þær reglur sem settar hafa verið. Útfærsla þeirrar reglugerðarheimildar sem frumvarp þetta mælir fyrir um þarf þar af leiðandi að taka mið af þeim réttindum sem kveðið er á um í 71. og 72. gr. stjórnarskrárinnar, til að mynda þegar kemur að eftirliti og viðbrögðum við brotum (eignaupptaka, viðbrögð ef það verður tjón o.s.frv.). Þá þarf í þessu samhengi að hafa í huga að ef umrædd tæki eru í eigu skólanna, en ekki nemendanna, hafa skólarnir meira svigrúm til að bregðast við.

### 5. Samráð.

Frumvarpið snertir fyrst og fremst grunnskóla, sveitarfélög, skólastjórnendur, kennara, nemendur og foreldra í skólastarfi á grundvelli laga um grunnskóla, nr. 91/2008.

Frumvarpið er samið í mennta- og barnamálaráðuneyti í samráði við ....

Áform um lagasetningu voru kynnt í samráðsgátt stjórnvalda 11. júlí 2025 (mál nr. S-126/2025) og var frestur til umsagna veittur til og með 8. ágúst 2025. Alls bárust 7 umsagnir.

Almennt voru umsagnir um áform um lagasetningu jákvæðar, einkum um að samræma reglur eða viðmið og að áhersla væri lögð á bætt námsumhverfi og vellíðan nemenda. Ýmsar gagnlegar ábendingar komu fram sem lítið var til við vinnslu frumvarpsins og verða einnig nýttar við vinnslu reglugerðar sem fyrirhugað er að setja verði frumvarpið að lögum. Þær ábendingar lutu m.a. að útfærslu, framkvæmd, undanþágum og skilgreiningu á ýmsum hugtökum, t.a.m. snjalltæki. Rétt er að taka fram að gert er ráð fyrir að sú reglugerð sem boðuð er með frumvarpi þessu verður unnin í samráði við hagsmunaaðila. Að lokum áréttaði Samband íslenskra sveitarfélaga sjónarmið um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga þegar kemur að starfi og starfsumhverfi skóla samkvæmt lögum um grunnskóla, nr. 91/2008, og að miðlægar reglur skerði ekki sveigjanleika við kennslu.

Drög að frumvarpinu voru birt til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda x.x 2025 og var frestur til umsagna veittur til og með x.x 2025 (mál nr. S-X/2025).

...

## 6. Mat á áhrifum.

Efnistök frumvarpsins eru mjög afmörkuð og miða að því að gera ráðherra kleift að setja viðeigandi reglugerð á málefnasviði hans. Breytingarnar munu stuðla að samræmdum og miðlægum reglum um notkun síma og snjalltækja í grunnskólum. Sú breyting sem frumvarpið felur í sér er ótvírætt til þess fallin að stuðla að samræmingu um notkun síma og snjalltækja milli grunnskóla og bæta náms- og félagsumhverfi nemenda, og líðan og þar með jafnrétti til náms óháð búsetu eða því hvar nemendur sækja grunnskóla. Frumvarpið mun stuðla að verulegum samfélagslegum ávinningi í formi bættrar einbeitingar og vellíðan nemenda og skýrari reglna innan skólasamfélagsins.

Ekki er gert ráð fyrir að samþykkt frumvarpsins hafi áhrif til kostnaðarauka fyrir ríki. Þá er ekki gert ráð fyrir að frumvarpið hafi veruleg áhrif á fjárhag sveitarfélaga en fyrst og fremst gætu þau áhrif verið vegna kostnaðar sem ræðst af útfærslu reglnanna. Áhrifin gætu til að mynda verið tímabundin vegna innleiðingar á samræmdum og miðlægum reglum, fræðslu til starfsfólks og upplýsingagjafar til forsjáraðila. Slíkt fellur að venjubundnu hlutverki skóla án varanlegrar kostnaðaraukningar.

### *Um einstakar greinar frumvarpsins.*

#### Um 1. gr.

Með ákvæðinu er ráðherra falið að setja reglugerð sem felur í sér miðlægar reglur um notkun síma og snjalltækja í grunnskólum og frístundastarfi þar sem fjallað er nánar um framkvæmd, fyrirkomulag og undanþágur. Reglunum er ekki ætlað að banna notkun tækninnar heldur er markmið þeirra að tryggja jafnræði milli skóla og stuðla að jákvæðu og öruggu skólaumhverfi þar sem börn geta einbeitt sér að námi, þroskast og styrkt félagsleg samskipti enda er grunnskóli vinnustaður nemenda, sbr. 13., 14. og 30. gr. laga um grunnskóla. Með þessari breytingu verður skýrt að ráðherra hafi heimild til að útfæra í reglugerð ýmsa þætti er varða notkun síma og snjalltækja í grunnskólum, t.d. skilgreiningu á hugtökum, eins og hvaða tæki teljast til síma og snjalltækja og hvort reglur um notkun þessara tækja nái aðeins til tækja sem eru í eigu nemenda og hvort þær gildi fyrir alla nemendur grunnskóla. Þá hefur ráðherra heimild til að útfæra hvaða undanþágur eru heimilaðar og í hvaða tilgangi, s.s. í kennslufræðilegum tilgangi, til að koma til móts við námsþarfir nemenda eða vegna heilsufarslegra ástæðna. Þá verður í reglugerð að finna viðmið um hvernig bregðast á við brotum á reglunum, en viðbrögðin verða ávallt að vera í samræmi við lög og réttindi nemenda.

Um 2. gr.

Með ákvæðinu er áréttað að reglugerð sem boðuð er með frumvarpi þessu gildir einnig í frístundastarfi.

Um 3. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringar.

DRÖG